

**Fundargerð 4. fundar efnisorðaráðs Gegnis föstudaginn 29. okt. 2004, stytt**  
Haldinn í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, kl. 14-16.

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

*Hlutverk efnisorðaráðs*

Farið var yfir stöðu mála. Ákveðið að senda skráningarráði bréf um hvernig efnisorðaráð sér sitt hlutverk og næstu verkefni. Elísabet gerir drög að bréfi og sendir efnisorðaráði til umsagnar.

*Hópar á sviði lyklunar*

Ragna sendi út á Skruddu fyrirspurn, dags. 12. okt. síðastliðinn, um einstaklinga/hópa sem störfuðu eða hygðust starfa að gerð sérefnislykla. Frestur til að svara var gefinn til 21. okt. Viðbrögð komu alls frá átta aðilum. Auk þess sem Guðný og Ragna sem munu senda efnisorðaráðinu tölvupóst um hvað þær eru að gera í lyklun sérefnis. Ákveðið var að á næsta fundi yrðu efnisorðaráðsmenn búnir að kynna sér svörin sem bárust. Ákveðið að Ragna sendi út ítrekun til að gefa fleirum kost á að svara og þakki jafnfram fyrir þau viðbrögð sem borist hafa.

*MultiTes*

Fram kom að Guðný hefur skrifað MultiTes og sendi þeim gögn og fyrirspurn um kostnað vegna kaupa og notkunar kerfisins en svar hefur ekki borist.

*Þróun íslensks efnisorðalykils*

Rætt var almennt um þróun íslensks efnisorðalykils og hvaða verkferli væri hægt að setja af stað nú þegar varðandi samræmingu efnisorða í Gegni, t.d. hreinsa út þau efnisorð í 690 sem væru líka í 692 (íslensk stöðluð efnisorð). Athuga þarf hvort hægt er að eyða orðunum í 690 út vélrænt.

Rætt var að hafa mannanafnaskrána á forræði Sigrúnar. Það þarf að funda með henni um málið og Elísabet og Ragna tóku það að sér. Sá sem sér um nafnmyndagrunnana mun kom hingað til lands og kenna á þann þátt kerfisins. Rætt um nýtingu Gegnis vegna nafnmyndaskrár. Það þarf að byggja upp skrána af efnisorðum sem þegar eru notuð. Fara þarf yfir valorð og vikorð og hafa aðeins samþykkt orði inni.

Forgangsverkefni, framar nýskráningu, er að laga gagnagrunninn. Fram kom að meginvinna skrásetjara nú felst í sameiningu gagnagrunnanna. Engin greiniskráning er í gangi um þessar mundir í Gegni (þ.e. þegar fundurinn var haldinn). Fram kom að mannanöfn (aðalhöfuð og aukahöfuð) og landaheiti verði lykluð sér í starfsmannaáðgagni.

Rætt var hvernig setja ætti fram ákvarðanir efnisorðaráðs varðandi efnisorðamál.

*Námskeið um lyklun í maí næstkomandi*

Þórdís lagði fram bréf frá Lois Mai Chan (LMC) og jafnframt kom fram að hún talaði við Sigrúnu Klöru um að hafa námskeið með LMC í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöfuð og tók hún vel í það. Rætt var um 3ja daga námskeið í maí. Rædd nauðsyn þess að þeir sem ætla að gera sérefnislykla og ætla vinna að uppbyggingu efnisorðalykils og jafnvel lyklarar sæki námskeiðið. Á næsta fundi þarf að ákveða hvaða efnisatriði við viljum að LMC fari yfir á námskeiðinu og ræða fyrirkomulag námskeiðsins. Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð.

*30. desember 2004*